

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla og færslu Stórólshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólstaðarprestakall.

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku breytinga samkvæmt 1. gr. laganna sem hér segir:

Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr.:

Frestað er niðurlagningu Kirkjuholsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 31. desember 1996.

Færsla Stórólshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólstaðarprestakall skal fara fram hinn 1. júlí 1996.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. desember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt nr. 428/1987 um hundahald í Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Miðneshreppi, Gerðahreppi, Vatnsleysustrandarhreppi og Hafnahreppi.

1. gr.

A. liður 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Hundurinn skal skráður hjá heilbrigðiseftirliti Suðurnesja (H.E.S.) og er leyfi bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings. Hundurinn skal merktur með INDEXEL örmerki auk merkis í hálsól sem sýni að hann hafi verið hreinsaður af bandormum.

2. gr.

B. liður 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Árlega skal greiða leyfisgjald fyrir þá hunda sem undanþága er veitt fyrir. H.E.S. sér um að ábyrgðatryggja alla skráða hunda á svæðinu. Heilbrigðisnefnd Suðurnesja gerir tillögu um upphæð leyfisgjalds til sveitarstjórna á Suðurnesjum sem ákveða gjaldið í sérstakri gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir og er gjaldið til að standa straum af kostnaði við umsjón og eftirlit með hundum á svæðinu. Gjaldið greiðist við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars. Af þarfahundum á lögbýlum, leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötludu fólki samkvæmt vottorði læknis, greiðist hálf gjald. Ef fleiri en einn hundur er á sama heimili og í eigu sama einstaklings,

greiðist fullt gjald af einum hundi en hálf gjald af öðrum. Dráttarvextir falla á ógreidd gjöld eftir 1. júní. Hafi gjöldin ekki verið greidd 1. september falla hlutaðeigandi leyfi úr gildi. Ef eigendaskipti verða á hundi ber hinum nýja eiganda að sækja þegar um undanþágu til H.E.S.

3. gr.

G. liður 2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Þegar hundur er í festi á húslóð skal lengd festarinnar við það miðuð að óhindrað megi ganga að aðaldyrum hússins.

4. gr.

Framangreind breyting á samþykktinni, sem hefur verið samþykkt í hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, bæjarstjórn Grindavíkur, hreppsnefnd Gerðahrepps, bæjarráði Keflavíkur - Njarðvíkur og Hafna (nú Reykjanesbær) og bæjarráði Sandgerðis, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytið 18. desember 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Akraneskaupstaðar
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 279/1988,
sbr. samþykktir nr. 448/1990 og 183/1995.**

1. gr.

Nýr 5. tölul. 58. gr. A samþykktarinnar orðist svo:

Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykktum HAB. Í stjórninni eru 5 fulltrúar og 5 til vara.

2. gr.

Við 13. tölul. 58. gr. B samþykktarinnar bætist eftirfarandi: Við íþróttamiðstöðina á Jaðarsbökkum starfar samkvæmt sérstöku samkomulagi rekstrarnefnd sem í eru bæjarstjóri, formaður íþrótt- og æskulýðsnefndar, formaður Íþróttabandalags Akraness og formaður Knattspyrnufélags ÍA.

3. gr.

23. tölul. 58. gr. B samþykktarinnar orðist svo:

Stjórn Akranesveitu. Fimm aðalmenn og fimm til var samkvæmt reglugerð um Akranesveitu.

4. gr.

24. og 25. tölul. 58. gr. B samþykktarinnar falli brott.